Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Landamerkjamál
# Reykjavík  Eiði & Lambastaðir 1885

Aðfnr. 1365, örk 3

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Kristján Jónsson

sýslumaður í Kjósar og Gullbringusýslu

Kunngjörir: Ár 1884, hinn 4. dag ágústmán. var auka-
rjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Mýrarhúsum
og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni
Kristjáni Jónssyni með vottum Ólafi Sigvalda-
syni og Guðmundi Ólafssyni. –

Þá var fyrir tekið málið:

Bæjarstjórnin í Reykjavík
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni
út af landamerkjum milli Lamb-
staðalands og Reykjavíkurlands.

Fyrir hönd stefnandans er mættur bæjarfógeti E. Th. Jónassen
eptir fullmakt dags. 17. f. m., er auðkennist No 1 svohljóðandi:

No 1:

Hjermeð gefur undirskrifuð bæjarstjórn Reykjavíkur
herra bæjarfógeta E. Th. Jónassen umboð til þess,
að fá landamerkjadóm um mörk á landareign
Reykjavíkur gagnvart jörðunum Lambastöðum
og Eiði í Seltjarnarneshreppi, og skal því allt sem
vel nefndur bæjarfógeti gerir og fyrir tekur í þessu
efni hafa sama gildi og krapt og bæjarstjórnin
það sjálf gjört hefði. –

Í bæjarstjórn Reykjavíkur hinn 17. júlí 1884.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. L. Sveinbjörnsson
Þorl. O. Johnson. G. Þórðarson P. Ó. Gíslason.

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að Mýrar-
húsum 4. ágúst 1884.

Kristján Jónsson.

Þá fram leggur hann:

No 2: Stefnu, dags. 16. f. m. með dómarans áteiknun frá 17. f. m.
– 3: Sáttakæru í málinu með áteiknun sáttanefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og vísun til landslaga og rjettar.
Stefnandinn krefst þess, að útnefndir sjeu menn í landamerkjadóm til að dæma um mál þetta. Stefndi, Ingjaldur Sigurðsson er sjálfur mættur, og leggur fram umboðskjal dags. í dag fyrir Cand. jur. Skúla Thoroddsen, sem einnig er mættur í rjettinum, til þess að taka að sjer vörn í máli þessu fyrir hans hönd; auðkennist No 4.
Ofannefnd skjöl No 2, No 3 og No 4 hljóða þannig:

No 2:

Eggert Theodor Jonassen
bæjarfógeti í Reykjavík

Kunngjörir: að þar eð Ingjaldur Sigurðsson bóndi á Lambastöðum á Seltjarnarnesi ekki hefur viljað kannast við takmörk þau á milli Reykjavíkur-lands að austan og ~~Reyk~~ Lambastaðalands að vestan, er bæjarstjórn Reykjavíkur álítur að vera hin rjettu, og hann þessvegna algjörlega hefur mótmælt landamerkjalýsingu þeirri, sem tjeð bæjarstjórn hefur látið birta honum, þá hefur bæjarstjórnin falið mjer á hendur að fá um greind takmörk landamerkjadóm. — Ætlar bæjarstjórnin að krefjast dóms fyrir því, að landamerki milli Lambastaðalands að vestan og Reykjavíkurlands að austan sje garður sá, Steinbrygi kallaður, sem til forna hefur verið hlaðinn frá sjó (Skerjafirði) austanvert við Tjarnarhúsvíkina, en vestanvert við Kaplaskjól, beina stefnu norður yfir nesið og í vestur endann á Eiðstjörn allt eptir því, er bæði gömul og ný skjöl og sniðriti sanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir því stefnist hjermeð Ingjaldi bónda Sigurðssyni á Lambastöðum til þess, að mæta fyrir landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu á þeim stað og á þeirri stundu sem dómarinn ákveður með áritun sinni á þessa stefnu til þess þar og þá skjöl og skilríki að sjá í rjett lögð, málsfærslu að heyra, til söknar að svara og dóm að meðtaka í þá átt, er að framan segir, og til málskostnaðar-útláta, allt ~~eptir~~ samkvæmt því, sem sækjandinn nákvæmar ætlar sjer að fram setja fyrir rjettinum.

Lögdagur er úr lögum numinn með tilskip. 3. júní 1796 § 1.

Reykjavík 15. júlí 1884.

Eb. Th. Jónassen.—

Sök sú, er framan rituð stefna um ræðir, verður fyrirtekin í aukarjetti sýslunnar að Mýrarhúsum í skólahúsinu mánudaginn 4. ágúst n. k. kl. 12 á hádegi, og verða þá meðal annars nefndir menn í landamerkjadóm; eiga málspartar þar og þá að mæta.

Til staðfestu nafn mitt og innsigli.—

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu 19. júlí 1884.

Kristján Jónsson

Borgað með 41 - fjörutíu og einum - (L. S.)
eyri Kr. J.

Denomination 1 ~~kr~~ ein - króna

Kr. J. -

Ár 1884, þann 19. júlí m. höfum við undirskrifaðir birt framan skrifaða stefnu bóndanum Ingjaldi Sigurðssyni á Lambastöðum, persónulega á heimili hans. Þetta vitnum við í krafti unnins eiðs með undirskrifuðum nöfnum og hjá settum signetum.

Þórður Jónsson settur (L. S.)

Eiríkur Bjarnason (L. S.)

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að Mýrarhúsum 4/8 1884.

Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## № 3.

Með því Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson á Lambastöðum í Seltjarnarneshreppi eigi vill viðurkenna að takmörk þau, er bæjarstjórn Reykjavíkur álítur vera milli Reykjavíkur lands að vestan og Lambastaða, jörð hans sjálfur, og því algjörlega hefur að þessu leyti mótmælt landamerkjalýsingu þeirri, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur látið birta honum, og hefur ritað mótmæli sín á lýsinguna, þá hefur bæjarstjórnin falið mjer á hendur, að fá landamerkjadóm að því er snertir takmörkin ~~að því er snertir takmörkin~~ milli ofan nefndrar jarðar í Seltjarnarneshreppi og kaupstaðarins Reykjavíkur. Fyrir þessa sök leyfi jeg mjer, áður en jeg fer lengra út í þetta mál, að biðja hina háttvirtu sáttanefnd í Seltjarnarneshreppi að kalla mig og velnefndan hreppstjóra sem fyrst fyrir sig til þess að reyna, hvort hann eigi fyrir tilhlutun sáttanefndarinnar fæst til að viðurkenna takmörk þau, milli jarðar hans Lambastaða og Reykjavíkurbæjar, sem sett eru í landamerkjalýsingu bæjarstjórnarinnar. Gæti sátt eigi komist á í þessu máli, óska jeg því vísað til landslaga og rjettar.

Bæjarfógetinn í Reykjavík hinn 12. febr. mán. 1884.

E. Th. Jónassen.

Til
sáttanefndarinnar í Seltjarnarneshreppi.

Samkvæmt framan skrifaðri kæru inn

kallast hjermed:

kærandinn, bæjarfógeti E. Th. Jónassen fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur-kaupstaðar og

kærði, Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson á Lambastöðum

til þess að mæta fyrir sáttanefnd Seltjarnarneshrepps á skrifstofu Suðuramtsins í Reykjavík mánudaginn þ. 18. þ. m. kl. 12½ e. m., og munu þá verða leitað um sættir í máli þessu. –

Íslands Suðuramt. Reykjavík 13. febrúarmán. 1884.

Magnús Stephensen
settur.

Mjer löglega birt
E. Th. J.

Mjer löglega birt
Ingjaldur Sigurðsson. –

+

Ár 1884, mánudaginn 18. febrúarmán. var mál þetta tekið fyrir í sáttanefnd Seltjarnarneshrepps af amtmanninum í Suðuramtinu sem sáttanefndarmanni. Báðir málspartar voru sjálfir mættir. Var þar leitað um sættir, en með því að sú tilraun varð árangurslaus, var málinu eptir ósk kærandans vísað til landslaga og rjettar. –

Íslands Suðuramt. Reykjavík 18. febr. 1884.

Borg. rjettargjöld 1.41 Kr. /

Magnús Stephensen
settur. –

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 4. ág. 1884.

Kristján Jónsson. –

## No 4:

Hjermeð gef jeg undirritaður herra málfærslumanni Skúla Thoroddsen ótakmarkað umboð mitt til þess að flytja vörn í máli því, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ~~höfðað~~ hafið gegn mjer út af takmörkunum milli Reykjavíkur lands að austan og Lambastaða að vestan. Allt sem Skúli Thoroddsen gerir í máli þessu, skal vera jafn gilt og gott sem jeg sjálfur gert hefði.

Lambastöðum 4. ágúst 1884.

Ingjaldur Sigurðsson. –

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 4/8. 1884. –

Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá nefndi rjetturinn þessa menn í landamerkjadóm til þess að dæma um málið þetta:

Kristinn Magnússon í Engey
Brynjólf Bjarnason í Engey
Magnús Stephensen í Viðey
Þorlák Guðmundsson í Hvammkoti
Erlind Erlindsson á Breiðabólsstöðum
Þórð Runólfsson í Móum
Gísla Gíslason í Leirvogstungu
Chr. J. Mathíasson á Hlíð.

Stefnandinn nefnir þessa 2 menn úr dóminum:

Kristinn Magnússon
Brynjólf Bjarnason.

Stefndi nefndi þessa tvo menn úr dóminum:

Magnús Stephensen
Chr. J. Mathíasson á Hlíð. –

Er þá dómurinn skipaður þessum mönnum:

Þorláki Guðmundssyni
Erlindi Erlindssyni
Þórði Runólfssyni
Gísla Gíslasyni.

Umboðsmaður stefnda biður þá um frest til varnar í málinu, og varð það að samkomulagi með málspörtum, að sókinni skuli fresta til föstudags, sem næstur er eptir jónsmessu næsta ár 1885. Eiga dómendur og málspartar þá að mæta að Mýrarhúsum kl. 11 f. h., og merkjaganga þá þegar fram að fara.
Skjölin № 1–4 afhent umboðsmanni stefnda

Rjetti Hitið
Kristján Jónsson

Málspartar:
E. Th. Jónassen
Skúli Thoroddsen
Tryggvi Sigurðsson.

Vottar:
Guðmundur Ólafsson
Ólafur Sigvaldason
~~Eiríkur Bjarnason~~.

Ár 1885, hinn 3. dag júlímán. var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Mýrarhúsum og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Kristjáni Jónssyni með vottunum Ólafi Guðmundssyni og Böðvari Böðvarssyni.

Var þá fyrirtekið málið: Bæjarstjórnin í Reykjavík gegn Ingjaldi Sigurðssyni út af landamerkjum milli Reykjavíkur- og Lambastaðalands.

Máli þessu hefur verið frestað til þessa dags samkvæmt sameiginlegri ósk beggja málsparta.
Hinir útnefndu dómsmenn eru mættir:

Þorlákur Guðmundsson
Erlendur Erlendsson
Þórður Runólfsson
Gísli Gíslason.

Undirrituðu þeir eiðstaf er framlagður og auðkenndist Nr 5, og hljóðar þannig:

Nr 5.

Við undirritaðir, sem nefndir erum í landamerkjadóm til þess að dæma um merki milli Reykjavíkurlands og Lambastaðalands, lofum því hjermeð og staðfestum það með eiði, að við skulum dóm þennan svo heyja og mál þetta svo dæma, sem vjer vitum sannast og rjettast.
Svo sannarlega hjálpi oss guð og hans heilaga orð.
Í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3 júlí 1885.
Þorlákur Guðmundsson. Gísli Gíslason
Erlendur Erlendsson. Þ. Runólfsson.

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7 1885.
Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar er mættur bæjarfógeti E. Th. Jónassen, fyrir hönd stefnda er mættur landshöfðingjaritari Jón Jensson eptir fullmakt, er framleggst og auðkennist Nr. 6 svohljóðandi:

Nr. 6:

Hérmeð gef jeg undirskrifaður landritara Jóni Jenssyni fullt og ótakmarkað umboð til að mæta fyrir mína hönd og svara til landamerkjamáls þess, er jeg á í við Reykjavíkurbæ út af landamerkjum eignarjarðar minnar Lambastaða að Grímansnesi, og skal því allt, sem nefndur landritari gjörir, eða gjöra lætur í máli þessu fyrir mína hönd vera eins gott og gilt og jeg það sjálfur gjört hefði.

p. t. Reykjavík 2. júlí 1885.

Ingjaldur Sigurðsson.

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 1885.

Kristján Jónsson.

Skilar hann rjettinum apt[ur] skjölunum Nr. 1-4.

Umboðsmaður stefnanda leggur fram:

Nr. 7: Sókn, dags. 29. f. m. með 7 fylgiskjölum og korti, er auðkennast Nr. 8-13$^{\text{an}}$ (skjalið Nr. 12 auðkennist Ltra a og b) Kortið auðkennist Nr. 14.

Rjettarskjölin:

/. Nr. 9: Útskript úr þingbók Kjósar- og Gullbringusýslu
/. - 10: útskript úr aukaþingbók Reykjavíkurkaupstaðar
/. - 11: Afskript úr handritasafni biskups Hannesar Finnssonar Nr. 45. 413. bls.
/. - 12a og b: útdráttur úr Cod. Arna Magn. Chart. Nr. 238 4to fol. 27b 28a í tvennu lagi
/. - 13: útskript úr visitatiubók Reykjavíkurkirkju dagsettri 21. júlí 1778
/. - 14: Kort

fylgja actis, en hin hljóða þannig:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## No 7:

# Sókn

í málinu: E. Th. Jónassen bæjarfógeti fyrir hönd bæjarstjórnarinnar í Reykjavíkur-kaupstað
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni hreppstjóra í Lambastöðum
út af
landamerkjum milli Lambastaða og Reykjavíkur-kaupstaðar. –

Eg leyfi mjer hjermeð að leggja fram í dag:

1, Lýsingu, dags. 15. febr. 1883 á landamerkjum milli kaupstaðarins og Lambastaða að vestanverðu, er bæjarstjórnin ljet semja samkvæmt fyrirmælum landamerkjalaganna eptir þeim skjölum og skilríkjum, er hún hefur fyrir landamerkjum kaupstaðarins

2, Mótmæli Ingjaldar Sigurðsson bónda á Lambastöðum (ritað á landamerkjalýsinguna) gegn þessari landamerkjalýsingu bæjarstjórnarinnar, dags. 31. ág. 1883. –

3, Útskript af þingbók Kjósar- og Gullbringusýslu af áreiðargjörð, er framin var á landamerki Reykjavíkurbæjar að vestanverðu og Seltjarnarneshrepps, dags. 17. febr. 1879. –

4, Uppdrátt eptir búfræðing Halldór Hjálmarsson yfir landamerkin að vestanverðu við Reykjavík, og eru á honum niðursett mörk þau, er varð að álitum meðal áreiðarmannanna, að væru hin rjettu, við áreiðargjörðina 17. febr. 1879. –

5, Útskript úr aukaþingbók Reykjavíkur af rjettarhaldi 24. febrúar 1881, þar sem menn þeir, er fóru áreið þá, 17. febr. 1879, sem að framan er nefnd, lýstu því yfir að uppdráttur þessi væri rjettur eptir úrslitum áreiðarinnar. – —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6, Eptirrit af „áreiðarbrjefi" milli Reykjavíkur, Lambastaða og Eiðis anno 1600 úr handritasafni biskups Hannesar Finnssonar, á landsbókasafninu hér.
7, Eptirrit af gömlu skjali í handritasafni Árna Magnússonar № 238 4to fol. 27b 28a á háskólasafni Kaupmannahafnar um landamerki milli Víkur, Örfarseyjar, Eiðs og Lambastaða. –
8, Útskript úr visitatiu-bók Reykjavíkur-kirkju byggilbri 21. júlí 1778 bls. 2–3. –

Með skírskotun til þessara skjala og hinnar framlögðu sáttakæru og stefnu – en þau 2 skjöl eru lögð mótpartinum við síðasta rjettarhald, – gjöri jeg þá rjettarkröfu,

að dómur gangi fyrir því:
1. að rjett landamerki milli Lambastaða aðvestanverðu og Reykjavíkurlands að austan, sje garður sá, „Steinboginn" kallaður, sem til forna hefur verið „hlaðinn frá sjó (Skerjafirði) austanvert við Tjarnarhúsvíkið en vestan vert við Kaplaskjól, beina stefnu norður yfir nesið og í vesturendann á Eiðstjörn.
2. að stefndi borgi til stefnandans kostnað við mál þetta með 60 krónum, eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. –

Legg eg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 29. júní 1885.

Virðingarfyllst  E. Th. Jónassen.

Til landamerkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu. –

Framlagt í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 3/9. 1885.

Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# № 8.

Útdráttur: Eptir að vjer undirskrifaðir höfum eptir boði hinnar heiðruðu bæjarstjórnar á fundi 21. dag desemb. 1882 rannsakað skjöl þau, sem vjer höfum haft undir höndum og getað aflað, viðvíkjandi landamerkjum Reykjavíkur-lands, verða landamerki þau, sem nú skal greina:

1. . . . . . .

2. Að sunnanverðu verða landamerkin: Fossvogur frá Hanganda og vestur að Hangahamri sem einnig er nefndur Mígandi, sem er framslútandi hamar nokkuð í landsuður frá Nauthól; þaðan liggja landamerkin beina stefnu í norðurátt at stórum kletti eða steini í vestanverðri Öskjuhlíð, sem á er klappað orðið "landamerki" og þar undir ártalið 1839 og ofan á hann kross (+). Úr þessum steini eru landamerki bein lína í stein einn syðst og austast í Skildinganeshólum, sem og er á klappað orðið Landamerki og þar undir ártalið 1839; þaðan eru landamerki bein lína á Lambhól niðri við Skerjafjörð; úr því ræður Skerjafjörður vestur að garði þeim, sem til forna hefur hlaðinn verið frá sjó austanvert við Garnarhúsavíkið og vestanvert við Skaplaskjól, beina stefnu norður yfir nesið og í vesturendann á Eiðstjörn, og sem nefndur er Steinbogi, og er

3. garður þessi landamerki bæjarlandsins að vestanverði.

4. – – – – – – – –
5. – – – – – – – –
6. – – – – – – – –
7. – – – – – – – –
8. – – – – – – – –
9. – – – – – – – –
10. – – – – – – – –
11. – – – – – – – –

Reykjavík 15. febr. 1883
E. Th. Jónassen. Ól. K. Friðriksson. G. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndarálit þetta er samþykkt af bæjar-
stjórninni á fundi hennar 15. febr. 1883.

Vottar

E. Th. Jónassen.

— i —

Rjettan útdrátt ~~rjettan~~ staðfestir

E. Th. Jónassen

Hinsvegar skrifaði merkjalýsingu mótmæli
jeg sem eigi rjettri gagnvart landi eignar og
ábúðar-jarðar minnar, Lambastöðum. —

Lambastöðum 31. ág. 1883.

Ingjaldur Sigurðsson.

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/9 1883.

Kristján Jónsson

Umboðsmaður stefnda leggur fram:

No 15: Merkjalýsingu hins stefnda fyrir Lambastöðum.
- 16-25: Ýms skjöl og vottorð til styrkingar landamerkjalýsingunni. —

Skjöl þessi hljóða þannig:

No 15:

Landamerkjalýsing:

Samkvæmt lögum um landamerki af 7. marts 1882 skal eg hjermeð lýsa landamerkjum eignar- og ábúðarjarðar minnar, Lambastöðum í Seltjarnarneshreppi, eptir því, sem jeg veit rjettast og sannast, og sem brúkað hefur verið af ábúendum Lambastaða um ómuna tíð.

Að vestanverðu milli Lambastaða og Hrólfsskála úr svokölluðu Landsvarði og það sem garður sá ræður, sem þar er hlaðinn

er liggur beint í austur og fyrir sunnan Eiðstjörn, og beint í hina nyrztu þúfu, sem hæðst ber á norðast á Lambastaðaholti, og þaðan beina stefnu í suður eptir Lambastaðsholti austanvert við svo kallað Kaplaskjólshús beint í sjó fram.

Lambastöðum 21. ág. 1883.

Ingjaldur Sigurðsson.

Hinsvegar ~~nefndri~~ landamerkjalýsingu mótmælum vjer sem eigi rjettri gagnvart landi Reykjavíkurbæjar.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur 16. júlí 1884.

E. Th. Jónassen. Thorl. Ó. Johnsen

P. Ó. Gíslason. L. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson

J. Þórðarson. -

Samlesið í aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 3/7. 1885.

Kristján Jónsson

Eptirrit

## No 16:

Eptirrit. Uppruni til þorpsins Sandagerðis sjáist hafa verið tjörhús frá Hlíðarhúsum, en þó kirkjujarðarinnar Selslandareign samkvæmt þeim hjer meðfylgjandi landamerkjavitnisburðum No 2 og 3 hverjum engins bregsli sjer til vegna Reykjavíkur bæjar að mótmæla árið 1828, þá þeirri sök var hreift og hversvegna jeg og heldur eigi gat tileinkað þá lóð sem Sandgerði stendur á Reykjavíkurkaupstað. (Stefnan úr kloppi, eða klifi fyrir sunnan og neðan sic! Yrriskots þaðan í Skugga, eptir sögn kelduðrag, eða skurð (á spássíu: nei! heldur lit. upphátt lítið holt í sömu stefnu 20/3. '46 J. Johnsen), fyrir sunnan Sandagerði.) (Ennfremur á spássíu: og eptir þessu, og egen Undersøgelse paa Asstedet med Repræsentant Kjøpmand Markussen samt Præsten síra Sveinbjörn Hallgrímsson - eigi heldur 30/3. '46 J. Johnsen). Hvar af leiðir þá náttúrlega, að bæjarstjórnin hefur ekkert vald yfir landsnytjum

sic!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skepnufjölda, eda bæjarbyggingu í Laugagerdi,
nema ad því leyfi Amtsbrjefs frá 3. desember 1839
gjörir ráð fyrir, ad þeim (bæjunum) verdi ekki
fjölgað í lögsagnarumdæminu – hvarímóti
einungis landsdrottinn kirkjujardar-
innar Sels hefur ad segja þar yfir, eins og allir,
sem slíkt afmarkað land byggja eda yrkja,
hljóta að hafa hans lof, eda leyfi þar til, hvad ed
einnig gildir eins, ad taka húsfólk í bæjina.

Allt ad þessa afmarkada landareign er
þar á móti eins fullkomlega kunnug, en hitt er
byggjandi eptir jardabálkinum, ad sú kirkjujörd
einnig á útland ad tilhölu eptir Htali, eins
og það einnig er viðurkennt í þess háa stiptamts-
brjefi frá 17. sept. f. á. hvartil eg einnig hvad
Göthús og Landakot snertir, hljóta að skír-
skota. Þann 22 og 23 maí 1792 var þessara
jarda land reglulega mælt, og fylgir hjer með
sjálf mælingarskráin til velþóknanlegrar
eptirsjónar. Þau medfylgjandi 10 fylgiskjöl
upplýsa enn nú frekar þetta málefni og óskast
mjer endursend við bestu hentugleika. Ad
Reykjavíkurland yrdi annaðhvort sparsamlega,
eda hreint ekki notad til ristu eda stungu,
samt timburþök yrdu innleidd í stadinn
fyrir torfþök verdskuldar, eins og hitt
annað, sem drepið er á, frekari yfirvegun
og mun eptir möguleleikum og kringumstædum
verda af mjer tekið til greina. –

Hvad þannig er og þjenustuskyldugast
tilkynnist sem svar upp á heidrad tilskrif
frá í gær.

Reykjavíkur bæjar skrifstofu þ. 15. júlí 1842

St. Gunnlaugsen

Velborinn herra justitsráð og landphysikus J. Thorsteinsson og
Háæruverdugi herra prófastur og dómkirkjuprestur H. G. Thordersen
Ridder af Dannebroge

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rjett ritad eptir hinu frumritada skjali í böggli
nr 87 í skjalasafni bæjarfógetans
Bæjarfógetinn í Reykjavík 5. sept. 1878
Jón Jónsson
settur. –

Rjett eptirrit stadfestir
E. Th. Jónassen.

Framlagt í aukarjetti Gullbringu og Kjósar sýslu 3/7. 1886.
Kristján Jónsson

## No 17.

Eptirrit: Samkvæmt 3. gr. landamerkjalaga frá 17. marts þ. á. gef jeg svofellda lýsingu á landamerkjum eignarjardar minnar Sels í Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, eins og landamerki þessi hafa verid samþykkt af bæjarfógetanum í Reykjavík og ödrum bæjarmönnum á sunkomu 6. okt. 1828 og sídan stadfest med fógetabrjefi frá 15. júlí 1842 og yfirrjettardómi frá 23. júlí 1849.
Ad austanverdu byrjar Selsland vid túngard þann, er hladinn hefur verid fyrir utan Ánanausta-túnin og sem enn sjást glögg merki til; þadan eru landamerkin sudur í klöpp, eda klef fyrir sunnan og nedan „Hrísholt“ er nú nefnist Melur, þadan í „Skugga“, sem er lítid upphátt holt fyrir sunnan Saudagerdi. Ad sunnanverdu liggja landamerkin frá Skugga vestan í þúfuna nordan í Lambastada-

NB

holti, [í, eda framan til vid midjan Eidsgranda.]
og ad vestanverdu rædur lína frá þúfunni í Lambastadaholti í, eda framan til vid midjan Eidsgranda.

Þessi landamerkjalýsing mín óskast þinglesin á næsta manntalsþ=

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þingi í Reykjavík. –

Brádræði 5. júní 1882.

Magnús Jónsson

Lesið á bæjarþingi í Reykjavík 3. ág. 1882 og síðan innfært í afsals og veðbrjefabók bæjarins Litra J. No. 65 bls. 85–86.

E. Th. Jónassen

Gjald til landsjóðs:

þinglestur o. 75
Bókun .25
~~ae~~ 1 – ein króna.

Borgað E. Th. Jónassen

Framanskrifuð landamerkjalýsing hefur verið lögð fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur á fundi 15. nóv. og gat bæjarstjórnin eigi viðurkennt, að þessi landamerkjalýsing væri rjett, og mótmælir hún henni því hjer með.

Í umboði bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

E. Th. Jónassen
bæjarfógeti.

Rjett eptirrit staðfestir E. Th. Jónassen

Borg. 25 aurar
E. Th. J.

Framlagt í aukarjetti Gullbringu- og Kjósar-sýslu 3. /7. 1885.

Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Copie

## — No. 18:

Kongelig Majts til Dannmark og Norge etc. Sysselmand i Kjose Syssel og Herreds Dommer i Gullbringa Syssel gjör vitterligt at:

Anno 1787 d. 15. Oct. blev ved mig og tillige underskrevne dertil udnevnte Mand ifölge Kammerherre Stiftamtmand Levetzows Ordre af 17. Sept. sidstl. besigtet det Land, som Gaarden Reykjavig tilhörer og ligger paa Seltjarnarnes mellem de to Fjorde Skerjefjörd og Kallafjörd. Til at möde og bivaane denne Besigtelse vare forud advarede alle de som enten ejendommelig besidde nogen Grund i Nærværelsen som Bisskop H. Finsen Gaarden Laugarnes, Præst Gudmund Thorgrimsen Lambastad, saa og Beboerne af Hlidarhus, Sele, Eyde, Skildingenes, Roydteraae og Arnarhol, som og tillige med Beboerne alle vare tilstede, saavel som höjst bemeldte Bisskop Finsen ~~paa~~ paa hvis og egen Vegne mödte velbemeldte Præst Thorgrimsen. Da Landfoged Magnussen desuden ogsaa bivaanede denne Forretning, og Beskaffenheden befindes som fölger.

Reikevig synes i fordum Tid at have indelugt og bestaaet; af: sig selv, Hlidarhus, der virkelig er en Part af Hjemmegaarden, Reikevigs Kirkejord Sele, Skildingenes, Royderaae og Arnarhol, hvor Tugthuset nu er opfört. Denne hele Landegn er omtrent i Længden fra Laugarnes Land i Öster til Lambestad i Vester halv Mil, og fra ~~Skeria~~ Skieriefjörden ~~fra~~ Eyd til Kallefjörden i Norden quart Mil. Den er paa flere Steder sic! med noget Græsbegroet meere eller mindre iser Tunene som nyde aarlig Giödsel, og paa en

sic! Deel imellem voxer intet Græs, men er enten Steen eller Gruus, dog med megen Jord blandet hver i andre og ganske udyrket. Torve Maser befindes og derimellem i Mængde. Her begynder fra Arnarhols Lek til Steen klipperne, som stikke

udi Söen vesten for Sanden, hvor fra Granden udgaar til Effersöt, som er tör med lavt Vand eller Fjören. Der ovenfor ligger Hlidarhus, som beboes af to Bönder og een Præstemand, og siges at være 10 Hundredes Part af Reikjavig, dog inke med noget Gjærde fra den afdelt, men der om haves, som og blev fremlagt, Copie af et Document af 1589 og forklarer Markeskielet mellem Hlyderhus og Reikevig. Bemeldte Hlidarhus tilhörer nu Præstegaarden Helgafell i Snæfjeldsnæs Syssel. Vesten for Hlidarhus ligger Reikavigs Kirkejord Sel, som ogsaa er 10 Hundrede Landsparts af Reikjavig udskilt fra Hlidarhus med et Steengjærde, ligesaa Steengjærde söndenfor, har dog Land noget længere sönder efter, men vesten for er Eydstiorn, som skiller Kongsjorden Eyde fra Sel og sönden for en dyb Törvemos, som skiller Reykiavigsland fra Kongsjorden Lambestad. Mellem Reikevig og Kongsjorden Skildingenes holdes for Markeskiel, sönden fra Skerjefjorden ved den saa kaldte Lambhol og til Skildingenes hole, der fra öster til en Varde paa Eskehliden og saa syd til Skerjefjorden hos Haugrahammer. Der fra tilhörer Reikevig österefter til den Klippe Hangandi hvor Lelvejergaarden Laugarnes Land i Foosvog begynder, da Fojakielda er Markeskiel til de tre Varde paa Hliden og derfra lige Linie nord til Enden af Kirkesand. Her vesten for ligger Kongsjorderne först Rauderaae og dernæst Arnarhol, hvilkes Landegn nord fra Söen strækker sig midt paa den Myr, som ligger nordenfor den bemeldte Hlid med de 3 Varder, hvor Reikevigs Land indelukker dem begge, dog uden kjendelig Markeskiel; men synes at være felleds Beedemark. Enhet af dette her bemeldte Reikevig tilhörende Land

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

synes Kjøbstaden Reikevig kunne miste eller undvære, men holdes for at være derfra umisteligt.

Til Bekræftelse

Ut supra.

M. Thorarensen.

Th. Thorbjörnsson

Jón Jónsson.

Rjett ritað eptir frumritinu í skjalasafni bæjarfógetaembættisins böggli No 81.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 6 Sept. 1878

Jón Jónsson

settur.

Framlagt í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 3/7 1885.

Kristján Jónsson

No 19:

Með brjefi d. s. 20. f. m. hafa eigendur jarðarinnar Lambastaða í Seltjarnarnesi óskað, að jeg gefi vottorð mitt um land það, er fylgi nefndri jörðu og jeg hafi brúkað átölulaust alla mína búskapartíð þar. Samkvæmt þessari ósk þeirra votta jeg eptir því, er hjer á eptir fylgir og jeg til veit, og þeir hafa sagt mjer, sem þar í grennd hafa verið. –

Jeg er fæddur 1814 2. nóv. í Finnbogabæ í Reykjavíkurumdæmi. Byrjaði búskap í Bráðræði, en flutti þaðan búferlum að Lambastöðum árið 1841, hvar jeg bjó í 23 ár. –

Allir samtíðamenn mínir þar syðra vita um hegðun mína og háttalag, meðan jeg var þar, hvað ekki kemur þessu máli við. Einungis vil jeg geta þess lands, er jeg og aðrir, sem búið höfum á jörð þessari, höfum álitið hennar eign, og sem af oss hefur verið brúkað átölulaust innan þessara takmarka: 1. Úr hólma þeim, sem liggur suður á af Akurey beina stefnu í hinn minni Eiðsgarð í Eiðsgranda, sem kallaður er, beina stefnu úr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim garði í þúfu, sem líklega sjest enn nordantil á Lambastadaholti, fyrir austan mýrina, en þeirri þúfu og beina stefnu sudur í sjó. Þessi stefna skilur að austan verdu land millum Lambastada, Sels og Reykjavíkur, og veit jeg eigi til að alla mína búskapartíð í Lambastödum, nokkur hafi álitið mig fyrir brúkum í þessu landi, en eg hefi brúkad til beitar, torfskurdar og eldividar þau 23 ár, er eg bjó á Lambastödum, og varði jeg þó þetta land fyrir skepnum Reykjavíkur manna eins og jeg átti það, enda líka leyfði sjer enginn þeirra að mótmæla þessu, eða hagnýta sjer landið utan þessa tilgreindu takmarka — 2. Landamerki að vestanverdu milli Lambastada, Hrólfsskála, Mýrarhúsa og Eids er gardur sá, sem er millum þessara jarða og byggist sudur í sold milli Lambastada og Hrólfsskála. Gardur þessi er fyrst byggður af biskupi herra Árna Þórarinssyni, sem var prestur í Reykjavík, en bjó á Lambastödum. Eptir hann bjó biskup Geir Vídalín í Lambastödum, og brúkadi hann átölulaust þetta sama land. Mjög áldruð kona Gudrídur sáluga Skaptadóttir, systir Skapta sál. Dannebrogsmanns í Reykjavík sagði mjer, að um aldamótin í vedrinu mikla og gamla Eidi hefði eydilagst af sjávargangi, hefði fadir hans gamli Skapti verið þar búandi, og þá hefði hún verið þar hjá honum; hefði hann þá fengið að byggja sjer bæ í móa þar skammt fyrir vestan, og var sá bær nefndur Skaptholt; þar bjó hann, og þetta mun hafa verið um það leyti, sem biskup Geir bjó í Lambastödum, því hún sagði mjer svo greinilega, hvar biskup heyjaði, og tók

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upp nó til eldiviðar, og hvað hann brúkaði af landi til allrar notkunar, og var það eptir þeim merkjum, sem hjer að framan eru til greind. –

Á seinustu árum mínum á Lambastöðum varð ágreiningur millum mín og eiganda jarðarinnar Eiðs um landeign millum þessara jarða; fjekk jeg þá skriflegt vottorð frá nefndri Guðríði Skaptadóttur, sem þá bjó suður í Garði, og þetta vottorð mun hafa verið lagt fram í málinu, eins og líka mæling og uppdráttur eptir skólakennara Björn Gunnlaugsen í Reykjavík, og var sá uppdráttur samkvæmur því, er eg hjer hefi áður sagt, og eptir því fallið dómur í málinu. –

Eptir því sem hjer er á vikið og jeg þekki bezt til, furðar mig stórlega, að íbúar Reykjavíkur skuli fitja upp á slíku sem því, að ætla sjer nú að höfða (sic!) það land undan jörðunni Lambastöðum, sem um aldirnar óð hefur verið yrkt og brúkað, sem virkileg eign þeirrar jarðar mann eptir mann og aldrei átalið, þetta hefur þó verið brúkað opinberlega og í allra viðkomenda viðurvist.

Hvað nú viðvíkur Landamarkabrjefi og lögfestu, er innbúar Reykjavíkur hafa til að bera fyrir sínu máli, þá veit eg ekki, hvort það er á svo góðum rökum byggt, því eptir því, eða þeirri stefnu, sem á að vera að sunnanverðu frá Lambastöðum í Hangahamar á Öskjuhlíð, getur engan veginn átt sjer stað, að Grímsstaðir sjeu Reykjavíkurland, ef farið er eptir sjónhendingu, sem þá munu þeir þó vilja eiga?!

Þetta vottorð mitt, sem jeg hef skrifað að er samhljóða því, er jeg get samviskusamlega gefið, og jeg bezt veit þann tíma, sem jeg hef verið bóndi í Lambastöðum, og vil staðfesta með eiði, ef krafist verður. –

Lundum 11. marts 1879
Ásgeir Finnbogason

Framlagt í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 3/7. 1885.
Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 20.

Vottorð.

Jeg er fæddur á Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi og er nú 53 ára og var þar hjá föður mínum og hjá þar í 30 ár, eptir það tók jeg við, og hef búið þar síðan, og alla þá tíð, er faðir minn bjó á Mýrarhúsum, þá fjekk hann beit fyrir skepnur sínar hjá búendunum á Lambastöðum í mýrinni, sem liggur með Lambastaðaholti að vestanverðu og eptir það fjekk jeg beit fyrir mínar skepnur hjá þeim ábúanda, sem þá var á Lambastöðum í þeirri sömu mýri. Það lá enginn vafi á því, að það væri eign Lambastaða. Líka vissi jeg það, að bæði var slegið og rist torf í nefndri mýri frá Lambastöðum. Landamerki að innanverðu við Lambastaði heyrði jeg sögð úr norðaustustu þúfu á nefndu holti, það suður í sjó. Líka heyrði jeg engan vafa liggja á því, þá er jörðin # Lambastaðir voru seldir í 2 skipti, að hún ekki ætti þetta land átalið af Reykjavíkur hálfu. Þetta ber jeg eptir beztu vitund og get staðfest með eiði, ef krafizt verður.

Mýrarhúsum 16 júní 1885.

Ólafur Guðmundsson.
(handsalað)

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7 85.
Kristján Jónsson.

№ 21.

Vottorð.

Jeg undirskrifaður kom að Mýrarhúsum 4 ára gamall og var þar heimilisfastur í rúm 20 ár. Á því áratímabili, frá því jeg hafði fulla þekkingu á daglegum viðburðum tilfellanna og ásig-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komulags heimilisins, sá jeg og vissi, að þá var allt af fenginu á hverju ári hagbeit fyrir kúm kúpening frá Mýrarhúsum hjá bóndanum á Lambastöðum á Seltjarnarnesi í mýri þeirri, er liggur norðan og vestan ^(í kring) um Lambastaðaholt. Eg sem var á þeim uppvaxtarárum mínum í Mýrarhúsum gagnkunnugur því hlutfalli, hvað kúabeitina áhrærði frá fjöðu heimili í Lambastaðalandi, heyrði fullorðið fólk þá segja, að landamerkin fyrir ofannefndri mýri voru úr þúfu í Lambastaðaholti beint suður í sjó nálægt svo kölluðu Kaplaskjóli. Þessu til staðfestu er mitt nafn og heimili.

Bygggarði 27. júní 1885

Ólafur Sigmundsson

Framlagt í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 3/7. 1885.

Kristján Jónsson.

## No 22:

## Vottorð:

Jeg undirskrifaður er fæddur á Lambastöðum á Seltjarnarnesi og er nú 72 ára, ólst þar upp hjá föður mínum þar til jeg var 18 ára gamall, þá er og fluttist þaðan með honum er var þar í 40 ár þá brúkaði hann til beitar fyrir skepnur sínar og annars einnig torfristu í mýrinni fyrir framan ^(= vestan) Lambastaðaholt átalið frá nokkurri hendi. Ennfremur byggði hann fjárhús framan og sunnan undir nefndu holti. Líka heyrði jeg hann segja, að landamerki að innanverðu við Lambastaði væru úr þúfu í Lambastaðaholti og það suður í sjó í vík innantil við svokallaðan Gestarhanga, en sá tangi er fyrir innan Tjarnarhúsavík.

Þetta vottorð get jeg staðfest með eiði ef krafist verður.

Þorgrímsholti 22. júní 1885.

Magnús Magnússon (hansal)

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 1885.

Kristján Jónsson

NB sic!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## No 23:

### Vottorð:

Jeg er fæddur á Melshúsum á Seltjarnarnesi og ólst þar upp hjá föður mínum þar til ég var 9 ára; fluttist jeg með honum að Mýrarhúsum, þar sem hann bjó eptir það; en jeg er nú 66 ára og hef alla mína æfi verið á Seltjarnarnesi, og þá tíð, er faðir minn bjó þar, er voru 30 ár, þá fjekk hann beit fyrir skepnur sínar hjá búendunum í Lambastöðum í mýrinni sem liggur með Lambastaðaholti að vestanverðu. Líka heyrði jeg sagt að landamerki að innanverðu við Lambastaði væru við þúfu í Lambastaðaholti og það beint suður í sjó. Líka veit jeg enki til, að neitt væri ákveðið um þetta land frá Reykjavíkur hálfu. Þetta ber jeg eptir beztu vitund og get staðfest með eiði, ef krafist verður. –

?

#

Bakkakoti 20. júní 1885.

Páll Guðmundsson

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 85

Kristján Jónsson

## No 24:

Jeg undirskrifaður er 78 ára gamall og ólst upp hjá föður mínum, er bjó allan sinn búskap á Hrólfsskála á Seltjarnarnesi og síðan hef jeg þar verið og faðir minn fjekk beit fyrir skepnur sínar og torfristu hjá bóndanum á Lambastöðum í mýrinni fyrir framan Lambastaðaholt sem nefnd var Lambastaðamýri, og eptir það að hann hætti búskap, þá tók jeg við og fjekk sömuleiðis beit fyrir mínar skepnur og torfristu í nefndri mýri hjá ábúendunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem þá voru á Lambastöðum. Ennfremur fjekk faðir minn og jeg slæjur í nefndri mýri hjá þeim tónum, og þá sló jeg á blettum sem liggja inn með holtinu og í gröfunum, sem þar eru í kring. Jeg heyrði aldrei vera ákært frá nokkurri hendi um þetta land. Líka heyrði jeg þá segja að mörk að innanverðu við Lambastaði væru: úr þúfu í Lambastaðaholti og það sundur í sjó. Ennfremur vissi jeg það, að Magnús, sem bjó á Lambastöðum byggði fjárhús vestan og sunnan í nefndu holti, og hafði þar fjenað sinn. Þetta ber jeg eptir beztu vitund og get staðfest með eiði, ef krafist verður.

Hrólfskála 27. júní 1885.

Sigurður Ingjaldsson.

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 85
Kristján Jónsson

## No. 25.

## Vottorð:

Jeg undirskrifaður er 40 ára gamall, og þá er jeg var unglingur, fann eg stóran sel rekinn af sjó í víkinni, sem er næst fyrir innan Tjarnarhúsavík, og þennan sel hirti sem sína eign Ásgeir Finnbogason, sem þá var bóndi á Lambastöðum.

Þetta ber jeg eptir beztu vitund.

Skildinganeskoti 30. júní 1885

Árni Árnason.

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 85.

Kristján Jónsson.

Þá var ákveðið að ganga á merki og skal byrja merkjagönguna við endann á Eiðstjörn.

Rjetti slitið

E. Th. Jonassen. Jón Jensson. Kristján Jónsson

Þorlákur Guðmundsson. Erlendur Erlendsson. Þórður Runólfsson

Gísli Gíslason

Ólafur Guðmundsson. Böðvar Böðvarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1885, hinn 3. dag júlímán. var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Mýrarhúsum og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Kristjáni Jónssyni með meðdómsmönnum Kristinni Magnússyni, Brynjólfi Bjarnasyni, Þorláki Guðmundssyni og Erlindi Erlindssyni, og vottum Ólafi Guðmundssyni og Böðvari Böðvarssyni.

Var þá ~~fyrir tekið málið~~ með meðdómendum Þorláki Guðmundssyni, Erlindi Erlindssyni, Þórði Runólfssyni og Gísla Gíslasyni fyrir tekið málið:

Bæjarstjórnin í Reykjavík
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni út af landamerkjum milli Reykjavíkurlands og Lambastaðalands.

Umboðsmenn beggja málsparta eru mættir. Dómendur hafa gengið á hin umþrættu landamerki og nákvæmlega athugað alla afstöðu og landslagi. Málspartar óskuðu, að fá stundarfrest til athugunar á málskjölunum, og var það samþykkt. Rjettarhaldinu frestað um sinn.

Að stundu liðinni var rjetturinn aptur settur, og var þá aptur fyrir tekið málið:

Bæjarstjórnin í Reykjavík
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni
út af
landamerkjum.

Hinn stefndi er sjálfur mættur og biður bókað: Jeg krefst þess, að landamerkjalýsing sú, er jeg hefi látið fram leggja, verði tekin til greina af dómi þessum í öllum atriðum, svo og að mjer verði til dæmdur hæfilegur málskostnaður. Að öðru leyti ber hann fram í máli þessu alveg hin sömu mótmæli gegn sóknargögnum stefn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

andans og fram hafa komið hjer fyrir rjettinum í dag af hálfu cand. jur. Jóns Jenssonar í máli Eiríks á Eiði og leggur málið í dóm með mótmælum gegn öllum kröfum mótpartsins.

Umboðsmaður stefnandanna er mættur og biður bókað: Eg ítreka mótmæli mín þau, er jeg í dag hef látið bóka hjer í rjettinum í málinu gegn Eiríki á Eiði, að svo miklu leyti, sem þau eiga við þetta mál. Ennfremur mótmæli eg vottorðum þeim sem mótpartur minn hefur fram lagt undir Nr. 19-25 og leyfi eg mjer að leiða athygli dómaranna að, að vottorðið Nr. 24 er gefið af föður stefnda. Sjerstaklega verð jeg að mótmæla rjettarskjalinu Nr. 16, og vil aðeins geta þess, að það er alkunnugt að Sauðagerði tilheyrir Reykjavíkurbæ, en er alls ekki partur af Selseigninni, eins og þar stendur, og krefst eg að ekkert tillit verði tekið til þessa skjals. Loks leyfi jeg mjer að taka það fram, að í áreiðargjörð þeirri frá 15. okt. 1787, sem mótpartur minn hefur lagt fram, er það skýrt og greinilega tekið fram, að mýrin fyrir austan Lambastaði sje land jarðarinnar Reykjavíkur, án þess ábúandi Lambastaða, sem var viðstaddur áreiðargjörðina né presturinn sjera Guðmundur Thorgrímsen hafi mótmælt því einu orði. Skírskota jeg svo til skjala þeirra og skilríkja, sem jeg hefi fram lagt, og þess sem jeg hefi tekið fram og legg málið í dóm með áður gjörðum kröfum er jeg öllum held föstum. Upplesið; staðfest. Hinn stefndi mótmælir algjörlega því, sem stefnandinn hefur látið bóka, og leggur (svo) málið í dóm.

Málið tekið undir dóm, og verður dómur uppkveðinn á mánudaginn kemur kl. 4 e. m. og hafa hlutaðeigendur samþykkt, að þá megi kveða hann upp á bæjarþingstofunni í Reykjavík.

Rjetti slitið

Kristján Jónsson
E. Th. Jónassen
Ingjaldur Sigurðsson
Þorlákur Guðmundsson. Erlindur Erlindsson
Þórður Runólfsson. Gísli Gíslason.

Vottar: Ólafur Guðmundsson
Böðvar Böðvarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1885 hinn 6. dag júlímán. var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur í Reykjavík og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Kristjáni Jónssyni með vottum Sigurði Jónssyni og Jóni Borgfirðing.

Þá var með með-dóm~~endunum~~ smönnunum Þorláki Guðmundssyni, Erlindi Erlindssyni, Gísla Gíslasyni og Þórði Runólfssyni í málinu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni á
Lambastöðum

kveðinn upp svofelldur

# Dómur:

Mál þetta, sem höfðað er af bæjarstjórn Reykjavíkur, og lagt hefur verið til sátta, eins og lög til standa, er risið út af ágreiningi um landamerki milli jarðarinnar Lambastaða í Seltjarnarneshreppi öðru megin og Reykjavíkurkaupstaðar hinumegin. – Stefnandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, telur merkin þessi: „eptir garði, kölluðum „Steinboga“, er til forna hefur verið hlaðinn frá Skerjafirði milli Tjarnarhúss víksins og Kaplaskjóls beina stefnu norður yfir nesið í vesturendann á Eiðstjörn“. – Stefndi telur þar á móti, að landamerkin sjeu: „eptir beinni stefnulínu frá hæstu þúfunni nyrðst á Lambastaðaholti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

suður í sjó rjett austanvert við Kaplaskjólshús, sem svo er kallað." – Hvorutveggi málsparturinn hefur krafizt dóms fyrir merkjum þeim, er hann telur rjett vera, og fyrir málskostnaði. –

Dómendur hafa gengið á merkin, skoðað hina umþrættu landspildu og rannsakað skjöl og skilríki, er fram hafa verið lögð af hálfu beggja málsparta, en engin þeirra eru að áliti dómsins þess eðlis, að þau skeri skýlaust úr ágreiningnum um landamerkin. Að vísu hefur af hálfu stefnandans verið fram lagt eptirrit af skjali frá árinu 1575, er til greinir landamerki Víkur, Örfarseyjar, Eiðs og Lambastaða, og sem kallað er "Víkur-máldagi" og er í skjali þessu merkjum lýst milli Reykjavíkur og Lambastaða samkvæmt því, sem stefnandinn í máli þessu nú fer fram á, en skjal þetta inniheldur aðeins yfirlýsingu tveggja manna, sem annars eru alveg óþekktir, um landamerki Reykjavíkur gagnvart Lambastöðum, og hefur yfirlýsing þessi fram komið við afhending jarðarinnar Reykjavíkur, án þess sjeð verði, að umráðamaður Lambastaða hafi verið þar til kvaddur, eða átt nokkurn þátt í þeirri gjörð. Ennfremur hefur stefnandinn lagt fram til stuðnings fyrir sinni kröfu eptirrit af "áreiðarbrjefi milli Reykjavíkur og Eiðis anno 1600," og ræðir þetta brjef einnig um landamerki Lambastaða, en það verður eigi sjeð, að umráðamaður þessarar jarðar hafi verið viðstaddur þessa svo-kölluðu áreið, eða nokkru sinni samþykkt gjörð áreiðarmannanna, enda er hún eigin-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lega ekkert annað en yfirlýsing á-reiðarmannanna á áliti þeirra um merkin. Að vísu er í gjörðinni vitnað til „kirkjunnar máldaga í Vík“, en það er vafalaust einmitt „máldaginn“ sá, sem getið er um hjer að framan og sem eigi álíst hafa verulega þýðingu í máli þessu. – Í áreiðar-gjörðinni er komist svo að orði, að merkin sjeu: „Vestur í grjótgarðinn, sem liggur fyrir sunnan Lamba-staðir“. Þetta nær eigi neinni átt, og virðist bera vott um annað tveggja, að annaðhvort sje skjalið rangt skrifað, eða að áreiðarmennirnir hafi verið allsendis ókunnugir, því að með þessu móti ætti mörk Reykjavíkur að liggja fyrir sunnan Lambastaði, en það kemur ekki til neinna mála. –

Með því að stefnandinn að áliti dómsins eigi hefur sýnt lögmætar sannanir fyrir merkjakröfum sínum, en aðrar, eða frekari sannanir hefur hann ekki komið fram með, en þær, sem felast í framan nefnd-um skjölum, og með því að það á hinn bóginn er vafalaust, að þrætulandið hefur verið yrkt og notað frá Lamba-stöðum um mjög langt árabil, eða svo lengi sem elstu menn muna, átölu-laust af hálfu Reykjavíkur allt þang-að til árið 1879, þá hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að taka skuli landamerkjalýsingu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hins stefnda til greina, enda virðist þetta eðlilegast eptir afstöðu þrætulandsins," en það liggur nær því upp að túnjaðrinum á Lambastöðum, svo og þegar hekið er tillit til dýrleika jarðarinnar (22.6 hr að nýju mati), en hún er að öðru leyti nær því útlandslaus. –

Það þykir rjett, að allur málskostnaður falli niður, nema dagpeningar og ferðakostnaður sýslumanns, og dagpeningar meðdómanda; þessi kostnaður er 32 kr. að því leyti hann snertir mál þetta, og er hæfilegt, að málspartar greiði hann hvor að helmingi. –

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Reykjavíkurlands og Lambastaða á Seltjarnarnesi skulu vera: „eptir beinni stefnulínu frá hestu þúfunni nyrst á Lambastaðaholti suður í sjó, rjett austanvert við svo kallað Kaplaskjólshús." – Ofangreindan kostnað 32 kr. greiði stefnandinn og stefndi hvor að helmingi, en að öðru leyti falli málskostnaður niður. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, undir aðför að lögum.

Kristján Jónsson
Þorlákur Guðmundsson. Erlendur Erlindsson
G. Gíslason. Þ. Runólfsson.

Það var samþykkt af hlutaðeigandi málspörtum, að rjettarhald þetta skyldi fram fara í Reykjavík.
Ofanritaður dómur var upplesinn í heyranda hljóði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og að þó bæri áskaði stefnandi málsins, að sýslumaður vildi ásamt dómendunum gefa yfirlýsingu um það, hvort garðlag það, sem getið er um í hinum fram lögðu skjölum stefnandans eigi hafi verið skoðað og sjeð af dómendunum. — Dómendur tóku þetta til yfirvegunar og úrskurða,

að engin ástæða sje til að gefa frekari yfirlýsingu í þessa átt fram yfir það, sem dómurinn með sjer beri.

Rjetti slitið

Kristján Jónsson

Þorlákur Guðmundsson. Erlindur Erlindsson

Þórður Runolfsson. Gísli Gíslason. —

A. Th. Jónassen. Vottar: Sigurður Jónsson

Jón Jensson. Jón Borgfirðingur. —

Dómsgjörðum þessum til staðfestingar er nafn mitt og innsigli sýslunnar. —

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu, 29. júlím. 1885

Kristjánsson

Ritgjald . . kr 4,00

Staðfest. og innsigl. - 0.41

= 4,41 —

einar fjórar kr. og 41 eyri.

K. Kr.

No 5.

Lagt fram í landsyfirdóminum 3. ágúst 1885.

L. E. Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur